



244. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 25. maí 2016 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSí, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Garðar Svansson, Gunnlaugur Júlíusson, Örn Andrússon, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Jón Finnbogason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðuðu: Hafsteinn Pálsson og Ingi Þór Ágústsson.

Þetta gerðist:

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur ÍSí

Forseti bauð velkominn á fundinn Tryggva E. Geirsson, annan tveggja kjörinna endurskoðanda ÍSí. Tryggvi fór yfir endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2015 og kynnti helstu niðurstöður um endurskoðun sambandsins. Ársreikningurinn er áritaður með fullri áritun án fyrirvara. Tryggvi kom á framfæri nokkrum athugasemdum og ábendingum er varðar rekstur og verkferla og skýrði ástæður frávíka í rekstri miðað við áætlun ársins.

Forseti þakkaði Tryggva fyrir góð störf skoðunarmanna og gott eftirlit með rekstri ÍSí. Ítrekaði hann mikilvægi þess að vel sé fylgst með rekstri ÍSí og verkferlum er lúta að því að uppfylla allar kröfur um rétt bókhald.

Gunnar Bragason fylgdi eftir athugasemdum Tryggva og ræddi helstu ástæður tapreksturs Smáþjóðaleikanna. Ýmislegt má læra af þeirri reynslu sem fékkst við undirbúning Smáþjóðaleika og verður farið yfir þau atriði í skýrslu ÍSí um framkvæmda leikanna. Gunnar minnti á, eins og fram kom hjá Tryggva, að mjög margt í framkvæmd leikanna tókst vel. Eftir umræður vék Tryggvi af fundi.

2. Ólympísk málefni

Örn Andrússon fór yfir stöðu ólympískra verkefna.

Ólympíuleikarnir í Ríó

Beðið er upplýsinga frá alþjóðasamböndum varðandi stöðu keppenda í skotíþróttum og júdó. Fylgst er náið með fréttum frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) um Zika veiruna.

Smáþjóðaleikarnir 2017

Forseti skýrði frá aðalfundi GSSE sem hann og framkvæmdastjóri sóttu í San Marínó fyrir stuttu. Á fundinum var m.a. farið yfir helstu þætti í undirbúningi leikanna í San Marínó árið 2017. Fjallað var um fram komnar tillögur að breytingum á lögum GSSE en ákvörðunum var frestað til næsta fundar. Í millitíðinni er fyrirhugað að opna vefsvæði á heimasíðu leikanna 2017 þar sem hægt verður að skiptast á skoðunum um breytingartillögurnar.

3. Fagsvið ÍSí – stutt yfirlit

Almenningsíþróttasvið ÍSí

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir fór yfir helstu verkefni sviðsins. Hjólað í vinnuna 2016 er lokið og fer verðlaunaafhending fram á föstudaginn næstkomandi. Undirbúningur fyrir Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ er í fullum gangi en hlaupið verður laugardaginn 4. júní á landsvísu.

Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ

Sigríður Jónsdóttir sagði frá tveimur hádegisfundum sem sviðið hefur staðið fyrir, annars vegar um átröskun og líkamsímynd meðal íslensks íþróttafólks og hins vegar um stöðu samkynhneigðra í íþróttum. Tvö fararstjóranámskeið hafa verið haldin nýverið og var aðsóknin að þeim frábær. Næstu námskeið í þjálfaramenntun ÍSÍ hefjast 20. júní næstkomandi.

4. Íþróttamaður ársins 2016

Forseti skýrði frá fundi sem hann, gjaldkeri og sviðsstjóri Þróunar- og fræðsluviðs áttu með Eiríki Stefáni Ásgeirssyni, formanni Samtaka Íþróttafréttamanna (SÍ). Þar skýrði Eiríkur frá niðurstöðu aðalfundar SÍ um að kjósa áfram einn Íþróttamann ársins í stað þess að kjósa bæði karl og konu.

Forseti lagði til að haldinn verði fundur í haust með sérsamböndum ÍSÍ, Samtökum Íþróttafréttamanna, íþróttafólki og hugsanlega nokkrum fyrirlesurum þar sem þessi mál verði rædd opinskátt.

Jón Finnbogason mæltist til þess að ÍSÍ leitaði eftir afstöðu sérsambanda í málinu með formlegum og skipulögðum hætti fyrir fundinn svo svör þeirra lægju skýr fyrir. Forseti taldi heppilegra að sérsambönd fengju tækifæri á að hlusta á alla málsaðila áður en óskað yrði eftir afstöðu þeirra í málinu.

5. Nýtt merki SÍÓ

Elsa Nielsen grafískur hönnuður hefur hannað nýtt merki fyrir Samtök íslenskra Ólympíufara. Framkvæmdastjóri mun setja sig í samband við hönnuðinn og undirbúa erindi til Alþjóðaólympíunefndarinnar til samþykktar.

6. Heiðranir

Ársþing ÍBV

Samþykkt einróma að sæma **Þór Ísfeld Vilhjálmsson** fráfarandi formann ÍBV Heiðurskrossi ÍSÍ. Samþykkt einróma að sæma **Gísla Valtýsson** gjaldkera ÍBV Gullmerki ÍSÍ.

Samþykkt einróma að sæma **Leif Gunnarsson** varaformann ÍBV Silfurmerki ÍSÍ.

Allir hafa þeir gegnt forystustörfum hjá ÍBV um langt skeið. Merkin verða afhent á ársþingi ÍBV 26. maí næstkomandi.

Ársþing DSÍ

Samþykkt einróma að sæma **Atla Má Sigurðsson** fráfarandi gjaldkera DSÍ Silfurmerki ÍSÍ

Samþykkt einróma að sæma **Hafstein Örn Guðmundsson** fráfarandi varaformann DSÍ Silfurmerki ÍSÍ. Merkin verða afhent á ársþingi DSÍ 30. maí næstkomandi.

Ársþing TSÍ

Samþykkt einróma að sæma **Helga Þór Jónasson** fráfarandi formann TSÍ Gullmerki ÍSÍ. Merkið var afhent á ársþingi TSÍ 20. apríl síðastliðinn.

Ársþing KLÍ 21. maí nk.

Samþykkt einróma að sæma **Þórarín Má Þorbjörnsson** fráfarandi formann KLÍ Gullmerki ÍSÍ. Merkið var afhent á ársþingi KLÍ 21. maí síðastliðinn.

7. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 243. fundur framkvæmdastjórnar
- 10. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afrekssjóður ÍSÍ 26. apríl 2016

Eftirfarandi styrkveitingar samþykktar:

- DSÍ – Heimilt veitt til að greiða lokagreiðslu til Dansíþróttasambands Íslands að upphæð kr. 100.000 vegna ársins 2015.
- KKÍ – Samþykkt að styrkveiting til Körfuknattleikssambands Íslands verði hækkuð um kr. 2.000.000 sem sundurliðast sem 1.000.000 vegna A-liðs karla og 1.000.000 vegna A-liðs kvenna.
- FSÍ – Samþykkt að veita Fimleikasambandi Íslands 500.000 kr. hækkun á styrk vegna landsliðsverkefna í hóp fimleikum A-liðs kvenna.
- FSÍ – Samþykkt að veita Fimleikasambandi Íslands styrkveitingu að upphæð 1.000.000,- vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í Ríó, þ.e. þátttöku í æfingabúðum og mótum sem undirbúning fyrir leikana.
- BLÍ – Samþykkt að veita BLÍ 500.000,- hækkun á styrk vegna landsliðsverkefna sambandsins.
 - Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ 27. apríl 2016
 - Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ frá 25. maí 2016
 - Fjármálaráð ÍSÍ frá 17. maí 2016
 - Heiðursráð ÍSÍ frá 2. maí 2016

Eftirfarandi minnisblöð vegna aðalfunda lögð fram:

- Minnisblað framkvæmdastjóra frá aðalfundi GSSE
- Minnisblað Sigríðar Jónsdóttur frá aðalfundi ENGSO

8. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburðir sem framundan eru og til lengri tíma litið.

9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur stjórnar verður haldinn fimmtudaginn 30. júní kl. 16:00.

10. Önnur mál

Afrekssjóður ÍSÍ, skipan stjórnar

Endurskoðendur ÍSÍ hafa réttilega bent á að inn í fundargerðir framkvæmdastjórnar ÍSÍ vanti endanlega skipan Afrekssjóðs ÍSÍ. Það er því fært hér til bókar.

Guðmundur Ágúst Ingvarsson formaður

Lilja Sigurðardóttir varaformaður

Guðmundur Harðarson

Guðrún Inga Sívertsen

Kolbeinn Pálsson

Páll Grétarsson

Stefán Snær Konráðsson (skipaður af mennta- og menningarmálaráðuneyti)

Árni Þór Hallgrímsson (tilnefndur af Samtökum íslenskra ólympíufara)

Íþróttir og mannréttindamál

Framkvæmdastjóri kynnti samnorræna yfirlýsingu og aðgerðaráætlun sem sett var saman á síðasta Nordic Meeting sem haldinn var í Álaborg í september 2015.

Fundarmenn beðnir um að kynna sér yfirlýsinguna fyrir næsta fund framkvæmdastjórnar.

Skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar

Gunnar Bragason skýrði stöðu mála í stýrihópi ÍSÍ og UMFÍ um skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar.

Verið er að finna tíma til undirritunar samstarfssamings ÍSÍ og UMFÍ um rekstur skráningarkerfisins.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.